



Dagsetning

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


29. október 2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/21
komudagur 30.10.2009

Fangelsismálastofnun vísar til erindis allsherjarnefndar þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti).

Fangelsismálastofnun gerir ekki athugasemd við efnislega þætti frumvarpsins en hefur athugasemd við fylgiskjal frumvarpsins frá fjármálaráðuneytinu þar sem því er haldið fram að ekki sé ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins muni hafa í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum.

Ljóst er að þegar ný lög öðlast gildi þar sem hámarksrefsing er þyngd eða ný háttsemi er gerð refsiverð eins og lagt er til í frumvarpinu aukast líkur á að föngum fjölgi og refsingar almennt þyngist. Fangelsismálastofnun hefur m.a. það hlutverk að lögum að fullnusta refsingar. Fjölgun fanga hefur í för með sér verulega aukinn kostnað við fullnustu refsinga en heildarrefsitími sem stofnuninni barst til fullnustu árið 2007 var 35% hærri en árið áður. Því liggur það ljóst fyrir að fullgilding þessa frumvarps sem og annarra sem hafa í för með sér þyngingu refsinga fela í flestum tilvikum í sér aukin útgjöld ríkissjóðs.


Erla Kristín Árnadóttir.